

Aurra O. Björnsdóttir



1.

## VORÐING KVENNALISTANS Á ÞÓRPI 11.-13. JUNI 1993/AðB

Agætu Kvennalistakonur!

Ég ætla að halda mig mest við atvinnumálin og sjávarútvegsmálin. Þetta hvorttveggja er auðvitað nátengt.

*Eg ætla að halda þ. i vörðaraðunum. En það eru hefna þingar tilid sitt af málum hennar meðan.*

Auk síðanitvegsnetinda sitt æg i allskejjanetinu og ætla að þeim hefna þingar tilid sitt af málum hennar meðan.

Við höfum nú heyrt um stöðu ríkisfjármála frá Jónu Valgerði og það fer ekkert á milli mála að okkur er þróngur stakkur sniðinn. Það þarf ekki að hafa mörg orð um að þörfin fyrir réttláta skiptingu er mest þegar þrengst er í búi.

Réttláta skiptingu á því fé sem er handa á milli og réttláta skiptingu á störfum og launum. Það er nokkuð athyglisvert að í nýgerðum kjarasamningum heyrðist ekkert talað um að gera kröfu um styttingu vinnutíma og að deila störfum á milli fleiri án kjaraskerðingar. Hins vegar hafa sjúkraliðar gert þetta að sinni kröfu og vonandi koma fleiri á eftir. Við fluttum þingsályktunartillögu um þetta efni nú í vor og í þeirri umræðu tók Jóhanna Sigurðardóttir undir mál ì sagði að hingað til hefði helst strandað á verkalyðsfélögnum. Vonandi fer skilningur vaxandi á því að þetta er skyndsamleg leið. Í greinargerðinni með tillögunni ~~ekkar~~ bentum við meðal annars á að fyrirtæki hafa verið að hagreða á undanförnum árum og í sumum tilfellum þýðir þetta mjög aukið álag á starfsfólkið. Það er mál til komið að það njóti einhvers af allri hagreðingunni og það mætti ~~a~~ liveg hugsa sér að rikið hlypi undir bagga með fyrirtækjum sem þyrftu einhverja aðlögun, því það kostar lika sitt að greiða atvinnuleysisbætur.

## 2.

*stæfeynd*

I samdrættinum sem nú er án efa/part að skoða hvað veldur honum og hvort ekki er eitthvað hægt að gera öðru viði. Þetta verður að skoða út frá sjónarhóli kvenna og ég held að það vant/talsvert upp á að það hafi verið gert. Ég held til dæmis að það sé verið að þreyta konur eins og laxinn og koma þeim út af atvinnuleysisskrám með ýmsum hætti. Það hafa verið dæmi um að konur falli út af atvinnuleysisskrá ef þær taka börnin sín af leikskólum eða frá dagmömmum tímabundið, því þá eru þær ekki talðar í atvinnuleit. Það eru alls konar slik teikn sem ég held að við verðum að taka alvarlega, það er að segja ef við gefum okkur að við viljum að konur eigi val um að vera Áfram á vinnumarkaðinum, eftir því sem þær sjálfar velja. Auknar samverustundir fjölskyldunnar eru varla jákvæðar er það eni skugga blankheita, húsnæðisóvissu og annarra fylgifiska atvinnuleysis. Í könnun á högum atvinnulausra kemur meðal annars fram að meira en fjórðungur þeirra kvartar undan þunglyndi, minnkandi sjálfstrausti, minni einbeitingu og ýmsum slikum neikvæðum eiginleikum. Hins vegar yrði stytting dagvinnutíma liklega til að gefa meira svigrúm bæði fyrir feður og meður að umgangast börnin sín meira, án þess að missa nauðsynlegar tekjur. Og það er talsvert til skiptana forátt f. minnk. þjóðarhl.

Minni þjóðartekjur eru ekki nema HLUTI vandas og það er ekkert ósennilegt að ef réttlátar væri skipt en nú er gert væri aukin von til að þær ykjast.

Ég er búin að nefna eitt, það er jafnari skipting starfa á milli fólks. Annað sem má nefna er að það er búið að fara talsvert fé frá einstaklingum til fyrirtækja með lekkun persónuafsláttar og hekkun á skattprósentu. Ekki verður séð *at það*

3.

komi sérstaklega til góða við að skapa ný störf. Í sumum tilfllum þvert á móti. Þau fyrirtæki sem nutu helst góðs af þessu voru vel stað fyrirtæki sem borguðu lægri tekjuskatt og nánast flest önnur fyrirtæki en sjávarútvegsfyrirtæki sem losnuðu undan aðstöðugjaldinu.

þu

Atvinnuleysið sem er tengist mjög ástandinu í sjávarútvegi.  
L, tryggt konum vinnu. ~~Það er ekki síst~~ ef afla væri landað hér á landi í stað þess að sight væri með hann. Ég þekki nýleg dæmi um að sight hafi verið með afla, í því tilfelli var það skarkoli, án þess að íslenskri fiskvinnslu væri gefið takiféri til að bjóða í hann. Parna var um 20 störf að ræða í Hafnarfirði, Íslendingarnir voru reiðubúnir til að borga jafnhátt eða herra verð en Bretarnir sem keyptu, en samt var sight, með ernum tilkostnaði. ~~Það~~ eru ótal dæmi um slikt og með tilkomu fjarskiptamarkaða á ekki einu sinni að þurfa að landa afla og vigta hann hér á landi eins og við gerum kröfu til í stefnuskránni okkar heldur væri nóg að gera það að skyldu að BJÓÐA aflann að minnsta kosti til sölu hér áður en sight væri. Verð á mörkuðum erlendis hefur verið tiltölulega lágt að undanförnu svo það er annað sem ræður þessu, spurningin er hversu háð íslenska útgerðin er orðin erlendum ~~eigenum~~ kaupendum. ~~Það~~ þarf að skoda sjávarlito málin seintaldega hér og nú.

Ég vek athygli á því að verið er að búa til bakhóp í sjávarútvegsmálum og þrír nýlegir fundir baði hér fyrir vestan

og í þanum hafa verið um sjávarútvegsmál sérstaklega. Meðal þess sem við höfum gert er að ~~lita á~~ frumvarpið sem Kvennalistinn lagði fram með nefndaráliti Danfriðar um stjórn fiskveiða 1990. Þessi vinna er rétt að byrja. Við dreifum þó hér minnisblaði um Álitamál og athugasemdir sem fram hafa komið á tveimur fundum um málið, í Reykjavík og Hnifsdal, þetta er fyrst og fremst hugsað til athugunar því aðalstarfið verðum við að vinna nú í sumar. Sjávarútvegsmálin verða áreiðanlega mjög í brennidepli á næstunni. Við verðum að skoða okkar hugmyndir og taka með í reikninginn m.a. minni afla, kvótatilfærslur og nýjar hugmyndir eins og þær sem Agústa viðraði á síðasta landsfundi um að hafa bæði byggðakvóta og heildarkvóta eftir tegundum og veiðiaðferðum. Og svo verðum við auðvitað að koma fleiri skipum á nýjar veiðar og vera tilbúin í nýjar vinnsluaðferðir.

Ég held að við eigu framtíð í sjávarútvegi, svo framarlega sem við gerum allt í senn, veiðum ekki meira en stofnarnir þola, aukum rannsóknir, ekki síst fjölstofna, sækjum í nýjar tegundir, fjarlægari fiskimið og aukum fjölbreytni og verðmæti í vinnslunni. Flest hefur þetta heyrst fyrr, en ýmislegt af þessu er ekki framkvæmt, til dæmis er verið að skera niður fé til rannsókna og nýsköpunar í sjávarútvegsráðuneytinu á þessu ári. Það er sparnaður sem við höfum ekki efni á.

Það er síðan útfærsluatriði, mjög mikilvægt vissulega, hvernig við etlum að þrauka í gegnum mögur ár á 165 þús. tonna þorskkvóta, með lækkandi fiskverð og aukna hörku í fiskviðskiptum úti í Evrópu.

5.

Um leið er óhjákvæmilegt að fylgjast með því hverju spáð er um þróun atvinnumála í heiminum. Samdrátturinn í störfum í Evrópu er miklu hraðari en menn bjuggust við og um þessar mundir er mikið verið að velta vöngum ~~fyrir~~ því hverjir muni hafa það af, í þeirri hörðu baráttu. Ég held að út af fyrir sig sé það ekki óhjákvæmilegt að við fylgjum með í þeirri þróun, með atvinnu- og efnahagslíf allt öðru visi en annars staðar í álfunni. En það er fróðlegt að reyna að setja sig inn í umræðuna og spyrja sig, hvernig gætu íslenskar konur staðið í slikri baráttu? Ef sú atvinnubyting ~~verður~~, sem mikið er skrifð um nái, þegar nýjar kröfur eru gerðar, hvernig gætu við staðið þá?

Það virðist lítt deilt um að í framtíðinni verði gerð krafa til meiri fjölhæfni, margvislegri þekkingu, meiri sveigjanleika í starfi en fyrr, meira frumkvæði og getu tilað leysa hin óliklegustu vandamál, meiri aðlögunarhæfileikur <sup>t.d.</sup> ef litið er á starfstíma - hlutastörf fara vaxandi (ekki bara vegna vaxandi atvinnupátttöku kvenna). OECD spáir því að í framtíðinni verði mynstrið ekki það að þorri fólks vinni lengst af sínum starfsaldri hjá sama vinnuveitanda heldur að meðaltali <sup>vir</sup> <sub>16</sub> vinnuveitendum til lengri tíma. Ég veit ekki hverjum er verið að lysa <sup>um einu p.e.</sup> ~~í líkum lysingum~~, en með <sup>med</sup> þessum orðum heyrist það ~~einum~~ vera konur. Spurningin er, munum við njóta góðas af þessum breytingum sem eru að verða á vinnumarkaðinum eða mun körlum enn einu sinni takast að ná undirtökunum á vinnumarkaðinum eins og þeir gerðu. Þegar vefnaðariðnaðurinn þróðist frá tiltölulega frumstæðum vefstólmum sem konur stóðu við til mun fullkomnari, vélvaddari og þægilegri vefstóla sem karlmenn sátu við.

Ólrun

6.

Eigum við að taka eitthvert frumkvæði í að skapa okkur pláss í þessari veröld framundan? Hvað með að byggja upp sjálfsmatið (á okkar eigin forsendum) og mat okkar hver á annarri? jafnvel kerfishundið? // Gloría Steinem bendir á margar leiðir - ### nota dæmi ef ég finn ###) // Er kominn tími til að byrja frá öðrum enda líka [i atvinnunum redani] Erum við með peysu og getum ekki bara endalaust prijónað bolinn heldur verðum líka að vinda okkur í að prjóna ermarnar og jafnvel kraga, o.fl.

(a. skrifar yndisl. bok, m. bytgr. i-a fr.)

Ég held að það sé við hafi að viðra eina hugmynd sem ég fékk þegar ég heyrði að Jóna Valgerður ætti að halda aðalræðuna á sjómanndeginum á Ísafirði. Ég spurði hana hvort hún héldi að þetta hefði gerst fyrir nokkrum Árum og hún neitaði því. Svo þetta mjakast væntanlega. Ég býst við að við þekkjum flestar einhver slik dæmi og það yrði Areiðanlega uppörvandi ef við gætum seinna í dag lesið upp nokkur dæmi af Árangri sem þrátt fyrir allt hefur orðið af starfi okkar. Hella kallarnir upp á kaffi í vinnunni hjá ykkur? Hefur tengdadóttirin gert uppsteit í nafni kvenfrelsis. Bekkið þið konur í ólíklegum nefndum, eða eruð þið sjálfar komnar í eitthvað sem ykkur óraði ekki fyrir? Ég lýsi eftir dæmum og bið ykkur að setja á blað og afhenda fundarstýru til þess að miðla góðum fréttum í stað þess að hugsa, að ~~þetta~~ dæmið sem þið bekkið hljóti að vera það eina.

Ef við höfum ekki trú á sjálfum okkur sem konum verðum við ekki virkir þáttakendur í þeim breytingum sem án efa eru framundan.

Fleins megt að sen e þ. s. hesta þe.

Ath. n. miður og fyrir mið.

- Stjórnýsluþegir - lýðræði
- Hjásk. l. - að næstu góði, - en v.
- Úsas til nákvæstgi / hótakm. v. nánlg. m. damps.